

Fundargerð

58. stjórnarfundur FHA haldinn 15. maí 2014 kl. 13:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Guðmundur Óskarsson (GKÓ), Hjördís Sigursteinsdóttir (HS), Þóra Rósa (ÞR), Ólína Freysteins (ÓF) og Vera Kristín Kristjánsdóttir (VK).

Dagskrá:

1. Boðun aðalfundar

Ákveðið að boða til aðalfundar þriðjudaginn 3. júní klukkan 15:00. Þjóða á síðan félagsmönnum að mæta með maka og börn í grill á eftir fundinn eða um klukkan 16:00. Hjördís ætlar að senda út fundarboð.

Á aðalfundinum verður nauðsynlegt að kjósa um sameiningarmálin við FH. Núverandi stjórn telur hagsmunum félagsmanna betur borgið innan FHA en FH. Ef að sameiningu kæmi myndum við þurfa að semja um vinnumatssjóð sérstaklega sem og missa námssjóð. Núverandi lög FH heimila okkur ekki inntöku og okkur sýnist að það mál sé ekki á dagskrá hjá FH. Málið mun verða rætt á aðalfundi og félagsmenn munu kjósa um framhaldið.

Varðandi námssjóð. Rætt um að opna á fleiri möguleika á að fá greitt út úr sjóðinum. Rætt um að leyfa starfsmönnum að sækja um í sjóðinn til að greiða ráðstefnugjöld. Þetta verður einnig lagt fyrir á aðalfundi.

Tillögur fyrir aðalfund eru því:

1. Falla frá sameiningu við FH.
2. Breyting á námssjóð
3. Halda sama félaggjaldi 0,7%

Þá munu breytingar á stjórn einnig verða ræddar á aðalfundi en Vera og Guðmundur E gefa ekki kost á sér áfram.

2. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 14:00

Vera Kristín Kristjánsdóttir, fundarritari.